

Afbrotatölfræði

Maí 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Umferðarlagabrot (5100) voru færri í maí en á sama tíma í fyrra, en þá voru þau óvenju mörg (sjá mynd 1). Fíkniefnabrotum (83) fækkar einnig milli ára, en í maí voru þau um 33% færri samanborið við maí 2008. Hegningarlagabrotum (1265) fjölgaði um 17% milli ára. Þessa miklu aukningu má skýra að hluta með fjölgun innbrota og þjófnaða, sbr. töflu eitt.

Þar má sjá að hraðakstursbrotum fækkar um 12% milli ára. Það er áfram fjölgun í þjófnaðar- og innbrotum eins og fjallað hefur verið um í síðustu mánaðarskýrslum. Um 80% fleiri innbrot voru skráð í maí 2009, samanborið við sama tíma í fyrra. Þjófnaðarbrotum fjölga einnig mikið, eða um 38% milli ára. Það voru yfir 100% fleiri nytjastuldir í maí 2009 en á sama tíma í fyrra, en þá voru þau óvenju fá. Þó nokkur fækkun er í flestum öðrum brotaflokkum eins og ölvunarakstursbrotum, fíkniefnabrotum og áfengislagabrotum. Eignaspjöllum og líkamsmeiðingum fer einnig fækkandi milli ára.


Á mynd tvö má sjá yfirlit yfir hraðakstursbrot sem skráð voru með hraðamyndavélum frá janúar til maí 2009. Það er erfitt að greina þróun milli mánuða þegar hraðamyndavélar eiga í hlut þar sem notkun og staðsetning þeirra er síbreytileg. Hraðamyndavélar skráðu um 70% af öllum hraðakstursbrotum í maí 2009.



Mynd 1. Fjöldi brota í maí 2005-2009 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í maí 2007, 2008 og 2009.

	Maí 09	Maí 08	Maí 07
Hraðakstursbrot	3959	4502	3454
Þjófnaðarbrot	417	302	276
Eignaspjöll	234	327	256
Innbrot	303	167	187
Ölvun við akstur	135	188	166
Fíkniefnabrot	83	124	159
Áfengislagabrot	52	90	115
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	92	106	92
Akstur gegn rauðu ljósi	31	41	73
Nytjastuldur	48	23	40



Mynd 2. Hraðakstursbrot í janúar til maí 2009 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

Afbrotatölfræði

Maí 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í maí 2007, 2008 og 2009 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2009	2008	2007	2009	2008	2007	2009	2008	2007
Akranes	17	23	21	106	174	200	4	3	4
Akureyri	65	76	82	127	182	259	6	5	5
Blönduós	3	8	0	71	119	308	0	0	1
Borgarnes	15	26	16	1467	1329	329	4	10	6
Eskifjörður	14	14	15	207	223	195	2	0	0
Húsavík	3	6	6	44	29	72	0	0	0
Hvolsvöllur	15	10	5	215	240	180	0	0	1
Höfuðborgarsvæðið	952	741	741	2150	2737	2818	53	71	114
Sauðárkrúkur	7	6	9	11	53	143	1	2	0
Selfoss	60	50	51	201	275	374	4	15	9
Seyðisfjörður	6	8	10	60	51	175	2	0	0
Snæfellsnes	4	4	8	40	64	41	1	0	1
Suðurnes	82	75	61	341	398	354	6	16	18
Vestfirðir	10	21	14	30	106	24	0	2	0
Vestmannaeyjar	12	14	7	30	28	33	0	0	0
Alls	1.265	1.082	1.046	5.100	6.008	5.505	83	124	159

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng) og á Suðurnesjum.

Í töflu 2 má sjá að flest hegningarlagabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (952 brot), Suðurnesjum (82 brot), Akureyri (65 brot) og Selfossi (60 brot). Fjölgun varð hjá fimm embættum í maí 2009 samanborið við sama tíma í fyrra. Sú mikla fjölgun sem varð á höfuðborgarsvæðinu skýrir að stórum hluta að hegningarlagabrotum fjölgar milli ára.

Flest umferðarlagabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (2150) en næstflest í Borgarnesi (1467). Í þessum umdæmum eru stafrænar hraðamyndavélar afkastamiklar. Umferðarlagabrot á landinu voru færri en í fyrra en mest er þó fækkunin á Sauðárkrúki og á Vestfjörðum.

Fíkniefnabrot voru 53 í maí á höfuðborgarsvæðinu, 6 á Suðurnesjum og 6 á Akureyri. Fækkun má greina í sex umdæmum, en brotunum fjölgaði lítillega á Akranesi, Akureyri, Eskifirði, Seyðisfirði og á Snæfellsnesi.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 15. júní 2009 og eru tölur fyrir árið 2008 og 2009 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.